

Richard Wagner félagið á Íslandi

Vesturgata 36B - 101 Reykjavík - sími: 5517292 - fax: 5516592

SIEGFRIED í NORRÆNA HÚSINU 12. FEBRÚAR

Stjórn Richard Wagner félagsins sendir öllum félögum árnaðaróskir í upphafi nýs árs.

Á laugardaginn næstkomandi, 12. febrúar kl. 12.00, verður haldið áfram myndbandssýningum frá sýningu Metropolitan óperunnar í New York á Niflungahringnum. Sýnd verður þriðja óperan, Siegfried eða Sigurður Fáfnisbani. Árni Björnsson mun eins og fyrr kynna íslenskan bakgrunn söguefnisins og notkun Wagners á íslensku heimildunum. Bók Árna "Wagner og Völsungar" er nú í lokavinnslu hjá Máli og menningu sem mun gefa hana út á árinu. Árni mun hafa orðið í u.þ.b. hálf tíma á undan sýningunni og auk þess á milli þátta. Gerð verða tvö hlé og verður það fyrra um klukkan tvö en hið síðara nálægt fjögur.

Sýningar þessar eru í samvinnu við Félag íslenskra fræða.

Sýnt verður á stóra tjaldinu í Norræna húsinu með enskum skjátextum. Í helstu hlutverkum eru Siegfried Jerusalem, Hildegard Behrens, James Morris og Heinz Zednik. Leikstjóri er Otto Schenk og leikmyndahönnuður Günther Schneider-Siemssen.

Flutningur Siegfrieds tekur rúma fjóra tíma.

Félagsmenn fjölmennið og takið með ykkur gesti. Aðgangur ókeypis.

Siegfried

1. þáttur

Mímir bróðir Alberichs hefur alið hinn óttalausa Sigurð svein upp í helli inni í skógi. Móðir hans hafði látist þar við barnsfæðinguna. Mímir vonast til að Sigurður nái að vinna Fáfni sem liggur á gullinu í ormslíki. Til þess þarf að smíða nýtt sverð úr brotunum en til þess skortir Mími kunnáttu. — Til Mímis kemur Óðinn í dulargervi, ginnir hann til gátuleiks og kveður með þeim orðum að sá einn geti smíðað sverðið sem ekki kunni að hræðast. — Sigurður smíðar því sverðið í óvitaskap sínum en Mímir bruggar ráð til að myrða sveininn á eitri þegar ormurinn sé unninn.

2. þáttur

Alberich bíður við bæli Fáfnis í von um að fá færi á hringnum. Óðinn kemur í dulargervi og segir þá Sigurð og Mími á leiðinni. — Sigurður vekur Fáfni og drepur hann eftir nokkurt orðaskak. Hann sleikir blóð ormsins af fingri sér og tekur þá að skynja hugsanir annarra og skilja fuglamál. — Að ráði söngfugls vegur Sigurður Mími, hirðir hringinn og töfrahjálminn úr bæli Fáfnis og fer að leita fagurrar meyjar sem sögð er liggja sofandi á fjallstindi sem sé umvafinn eldi.

3. þáttur

Við rætur fjallsins leitar Óðinn í dulargervi spásagnar hjá völvunni Erdu, en hún vill fátt segja honum. Hann kveðst þá munu eftirláta nýrri kynslóð vald sitt til endurlausnar heiminum. — Sigurður kemur upp fjallið og Óðinn prófar styrk hans og með því að reyna að hindra hann á leið sinni. Sigurður brýtur spjót hans með sama sverði og geir Óðins hafði sundrað endur fyrir löngu. — Sigurður brýst gegnum vafurlogann, þykist sjá sofandi hermann, undrast kvenlegt sköpulag hans, vekur valkyrjuna með kossi og saman fagna þau sólbjörtum degi.